

ÁRSSKÝRSLA  
HÆSTARÉTTAR  
2023

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

## ÁRSSKÝRSLA 2023

Umbrot: KRÍA hönnunarstofa

Ljósmyndir: Gunnar Sverrisson og Saga Sigurðardóttir

## HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Dómhúsinu við Arnarhól

101 Reykjavík

510 - 3030

[haestirettur@haestirettur.is](mailto:haestirettur@haestirettur.is)

# EFNISYFIRLIT

<b>Ávarp forseta</b> .....	<b>4</b>
<b>Dómarar</b> .....	<b>6</b>
Forseti og varaforseti .....	6
<b>Aðrir starfsmenn</b> .....	<b>9</b>
<b>Varadómarar</b> .....	<b>10</b>
<b>Tilnefningar og skipanir</b> .....	<b>12</b>
<b>Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi</b> .....	<b>14</b>
<b>Áfrýjuð og kærð mál</b> .....	<b>15</b>
Reifanir helstu dóma .....	15
<b>Rafræn móttaka áfrýjunarleyfisbeiðna og vefur Hæstaréttar</b> .....	<b>26</b>
<b>Norrænt samstarf</b> .....	<b>27</b>
Ráðstefna norrænna hæstaréttardómara .....	27
Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna .....	27
Fundur skrifstofustjóra æðstu dómstóla Norðurlandanna .....	27
<b>Samskipti við alþjóðadómstóla</b> .....	<b>28</b>
<b>Ferð Hæstaréttar til London</b> .....	<b>29</b>
Fundur í Hæstarétti Bretlands .....	29
Heimsókn í áfrýjunardómstól Englands og Wales .....	30
Heimsókn í breska þingið .....	30
<b>Ferð Hæstaréttar til Japans</b> .....	<b>31</b>
Fundur í Hæstarétti Japans.....	31
Fundur í japanska þjóðþinginu .....	31
<b>Heimsóknir frá Bandaríkjunum</b> .....	<b>32</b>
<b>Kynning á starfsemi Hæstaréttar</b> .....	<b>33</b>
<b>Endurbætur á dómhúsinu</b> .....	<b>35</b>
<b>Tölfræði</b> .....	<b>37</b>

---

# ÁVARP FORSETA

---

Í árslok 2023 voru liðin fimm ár frá þeirri breytingu á dómstólaskipan landsins að fjölga dómstigum með stofnun Landsréttar sem millidómstigs. Um var að ræða stærstu breytingu á réttarfari frá aðskilnaði dóms- og framkvæmdavalds í héraði 1. júlí 1992. Þegar þessi reynsla er komin á þriggja stiga dómskerfi er ástæða til að staldra við og meta hvernig til hefur tekist og hvað má betur fara. Vel færi á því að efnt yrði til úttekta á því á vettvangi dómstólanna í samráði við málflytjendur og fræðimenn á sviði réttarfars.

Eftir þessa breytingu á dómstólaskipaninni fer Hæstiréttur með það hlutverk að vera fordæmisgefandi dómstóll og leysir úr þeim málum sem rétturinn sjálfur samþykkir að komi þar til úrlausnar. Árlega hefur rétturinn fallist á um fjórðung beiðna um málskotsheimild en það er umtalsvert meira en hjá hliðstæðum dómstólum annars staðar á Norðurlöndunum. Einnig var með lögum nr. 134/2022 rýmkuð heimild til að veita leyfi til að áfrýja héraðsdómum í einkamálum beint til réttarins ásamt því að mælt var fyrir um

heimild til að veita kæruleyfi vegna úrskurða Landsréttar um réttarfarsatriði í einkamálum. Vel kemur til greina að lögfesta sambærilega heimild vegna úrskurða Landsréttar um réttarfarsatriði í sakamálum og jafnvel einnig vegna úrskurða um þvingunarráðstafanir. Hér skal lögð áhersla á að rétturinn er reiðubúinn að mæta frekari áskorunum. Jafnframt væri gagnlegt að fram færu skoðanaskipti um hvernig Hæstiréttur hefur að öðru leyti rækt hlutverk sitt í breyttri dómstólaskipan.


Með umræddri breytingu á skipan dómstóla tók Landsréttur við því hlutverki Hæstaréttar að vera almennur málskotsdómstóll til að leysa úr málum þar sem aðili þess unir ekki niðurstöðu héraðsdóms. Á því leikur ekki vafi að í þessu fólust miklar réttarfarsumbætur. Sá böggull fylgdi þó skammrifi að gera mátti ráð fyrir að málsmeðferð yrði tímafreakari í þriggja þrepa dómskerfi. Það hefur orðið raunin í einkamálum en allt að eitt og hálf ár getur liðið frá áfrýjun til Landsréttar þar til dómur fellur þar. Við þessu þarf að bregðast og var það að nokkru leyti gert með því að fjölga dómurum



við réttinn um einn með lögum nr. 23/2023. Nær hefði þó verið að fjölga þeim tímabundið um þrjá og fækka þeim aftur þegar unnið hefði verið á málahalanum, eins og bent var á þegar frumvarp til laganna var til meðferðar á Alþingi. Um það má nefna að til slíkra aðgerða var gripið við Hæstarétt á árum áður en þær gáfu góða raun og skiluðu tilætluðum árangri. Þetta er eitt af því sem huga þarf að þegar metið er hvernig til hefur tekist í starfsemi Landsréttar á þeim fimm árum sem liðin eru frá því að hann tók til starfa.

Á árinu 2023 gekk 51 dómur í Hæstarétti en þeir voru 60 árið 2022, 55 árið 2021, 38 árið 2020 og 50 árið 2019. Samtals 160 málskotsbeiðnir bárust réttinum í fyrra en þær voru 172 árið 2022, 156 árið 2021, 138 árið 2020 og 166 árið 2019. Málafjöldi á árinu var því svipaður og undanfarin ár og í samræmi við það sem gera mátti ráð fyrir.

Reykjavík, 5. febrúar 2024  
Benedikt Bogason



---

# DÓMARAR

---

Samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla eiga sjö dómarar sæti í Hæstarétti en tveir dómarar voru í námsleyfi á árinu, samtals í sex mánuði. Eftirtaldir voru dómarar réttarins á árinu 2023:

**Ása Ólafsdóttir**, fædd 1970, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og deildarforseti.

**Benedikt Bogason**, fæddur 1965, skipaður hæstaréttardómari frá 1. október 2012. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann var varaforseti Hæstaréttar frá 27. maí til 31. ágúst 2020 og hefur verið forseti réttarins frá 1. september 2020.

**Björg Thorarensen**, fædd 1966, skipuð hæstaréttardómari frá 23. nóvember 2020. Við skipun var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

**Ingveldur Einarsdóttir**, fædd 1959, skipuð hæstaréttardómari frá 1. janúar 2020. Við skipun var hún dómari við Landsrétt. Hún hefur verið varaforseti Hæstaréttar frá 1. september 2020.

**Karl Axelsson**, fæddur 1962, skipaður hæstaréttardómari frá 12. október 2015. Við skipun var hann starfandi hæstaréttarlögmaður.

**Ólafur Þórkur Þorvaldsson**, fæddur 1961, skipaður hæstaréttardómari frá 1. september 2003. Við skipun var hann dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands.

**Sigurður Tómas Magnússon**, fæddur 1960, skipaður hæstaréttardómari frá 18. maí 2020. Við skipun var hann dómari við Landsrétt.

## Forseti og varaforseti

Á árinu var Benedikt Bogason forseti réttarins og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti. Forseti fer með yfirstjórn Hæstaréttar og ber ábyrgð á rekstri réttarins og fjárreiðum. Hann stýrir meðal annars þeirri starfsemi sem ekki er hluti af meðferð máls fyrir dómi og skiptir verkum milli dómara og annarra starfsmanna.



Benedikt Bogason og Ingveldur Einarsdóttir





---

## AÐRIR STARFSMENN

---

Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn samkvæmt ákvörðun dómenda. Skrifstofustjóri stýrir daglegum rekstri dómstólsins eftir nánari ákvörðun forseta og í umboði hans auk þess að gegna öðrum störfum sem forseti kann að mæla fyrir um. Skrifstofustjóri réttarins er Ólöf Finnsdóttir. Forseti ræður til réttarins lögfræðimenntaða aðstoðarmenn og aðra starfsmenn og ákveður verksvið þeirra og stöðu. Á árinu 2023 störfuðu alls átta aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti í tæplega sex ársverkum, en þeir voru:

### **Guðmundur Snæbjörnsson**

aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
frá 15. september 2023

### **Gunnar Atli Gunnarsson**

aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
til 8. mars 2023

### **Herdís Traustadóttir**

skrifstofuumsjón

### **Jenný Harðardóttir**

aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
frá 1. mars 2023

### **Linda Ramdani**

aðstoðarmaður hæstaréttardómara

### **Ólöf Finnsdóttir**

skrifstofustjóri

### **Samúel Gunnarsson**

aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
til 28. febrúar 2023

### **Snædís Ósk Sigurjónsdóttir**

aðstoðarmaður hæstaréttardómara  
frá 1. mars til 1. júlí 2023

### **Sonja Hafdís Pálsdóttir**

verkefnastjóri

Að auki aðstoðaði **Guðmundur Ingi**

**Guðmundsson** bókavörður við bókasafn réttarins og **Jóhannes B. Sigtryggsson**, doktor í íslenskri málfræði, sá um yfirlestur á dómum.



---

# VARADÓMARAR

---

Ráðherra getur sett að tillögu forseta Hæstaréttar varadómara til að taka sæti í tilteknu máli valdi vanhæfi dómara eða forföll því að færri en fimm eða eftir atvikum sjö dómara geti skipað dóm í máli. Á árinu 2023 voru eftirtaldir varadómara kallaðir til starfa við réttinn:

**Aðalsteinn E. Jónasson**

landsréttardómari

**Árni Kolbeinsson**

fyrirverandi hæstaréttardómari

**Davíð Þór Björgvinsson**

landsréttardómari

**Eiríkur Jónsson**

landsréttardómari

**Guðmundur Sigurðsson**

prófessor

**Helgi I. Jónsson**

fyrirverandi hæstaréttardómari

**Hrefna Friðriksdóttir**

prófessor

**Ingibjörg K. Benediksdóttir**

fyrirverandi hæstaréttardómari

**Kristinn Bjarnason**

lögmaður

**Lára V. Júlíusdóttir**

lögmaður

**Ólafur Ólafsson**

dómstjóri Héraðsdóms Austurlands

**Ragnheiður Harðardóttir**

landsréttardómari

**Róbert R. Spanó**

prófessor

**Viðar Már Matthíasson**

fyrirverandi hæstaréttardómari

**Þorgeir Ingi Njálsson**

landsréttardómari

**Þorgeir Örlygsson**

fyrirverandi hæstaréttardómari



---

# TILNEFNINGAR OG SKIPANIR

---

Á hverju ári tilnefnir eða skipar Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi tilnefningar og skipanir voru á árinu 2023:

## Janúar

Kærunefnd jafnréttismála: Andri Árnason lögmaður var tilnefndur sem varaformaður og Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri sem varamaður hans. Ari Karlsson lögmaður var tilnefndur sem aðalmaður.

## Febrúar

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara: Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari og Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari voru tilnefnd sem aðal- eða varamaður.

Kærunefnd jafnréttismála: Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur var tilnefnd sem að hoc nefndarmaður við meðferð eins máls.

## Júlí

Kærunefnd jafnréttismála: Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur var tilnefnd sem að hoc nefndarmaður við meðferð eins máls.

## September

Fjölmiðlanefnd: Erla Skúladóttir lögmaður, Gunnlaugur Geirsson lögfræðingur, María Rún Bjarnadóttir lögfræðingur og Þorvaldur Hauksson lögmaður voru tilnefnd sem aðal- og varamenn.

Félagsdómur: Björn L. Bergsson héraðsdómari var tilnefndur sem aðalmaður og Lárentsínus Kristjánsson dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands tilnefndur sem varamaður.

## Október


Úthlutunarnefnd um rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla: Anna Mjöll Karlsdóttir lögfræðingur var tilnefnd sem formaður og Víðir Smári Petersen, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, sem varaformaður.



## Nóvember

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Tilnefnd voru sem aðalmenn: Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Geir Oddsson auðlindafræðingur, Halldóra Vífilsdóttir arkitekt, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður, Kristín Svavarsdóttir, sérfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins, Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur, aðjunkt við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, og Þorsteinn Þorsteinsson, sérfræðingur við umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands.

Sem varamenn voru tilnefnd: Bjarni Kristófer Kristjánsson, prófessor við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum, Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Helga Jóhanna Bjarnadóttir, efna- og umhverfisverkfræðingur, Ingi B. Poulsen lögmaður, Kristín Benediktsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Sigurður Erlingsson, prófessor við umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands, og Þráinn Hauksson landslagsarkitekt.



---

## MÁLSKOTSBEIÐNIR – ÁFRÝJUNAR- EÐA KÆRULEYFI

---

Á árinu 2023 bárust Hæstarétti samtals 160 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi samanborið við 172 beiðnir árið áður. Málskotsbeiðnir geta varðað áfrýjun einkamáls eða sakamáls eða kæruleyfi. Þrír dómarar skulu að jafnaði taka ákvörðun um áfrýjunarleyfi og hvort kæra verður tekin til meðferðar. Þegar ákvörðun liggur fyrir er hún kynnt aðilum máls og loks birt á vef réttarins. Alls voru afgreiddar 155 beiðnir á árinu og voru 33 beiðnir óafgreiddar í árslok. Nánari upplýsingar um fjölda málskotsbeiðna og skiptingu þeirra er að finna í tölfræðikafla skýrslunnar.





# ÁFRÝJUÐ OG KÆRÐ MÁL

Þegar umsókn um áfrýjunarleyfi er samþykkt í einkamáli gefur Hæstiréttur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins. Eftir ákvörðun forseta taka fimm dómarmenn við Hæstarétt þátt í meðferð máls en í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að sjö dómarmenn skipi dóm.

Á árinu dæmdi Hæstiréttur í 51 máli þar af voru 33 áfrýjuð einka- og sakamál og 18 kærð einka- og sakamál. Nánari upplýsingar um fjölda dæmdra mála, skiptingu þeirra og málsúrslit er að finna í tölfræðikafla skýrslunnar.

## Reifanir helstu dóma

### EINKAMÁL

Hrd. 25. janúar 2023 í máli nr. 51/2022:  
A og B gegn C, D, E, F, G, H og I

Ágreiningur málsins laut að kröfu A og B um að viðurkennt yrði að þær væru erfingjar J sem lést 2017. A og B reistu kröfur sínar á því að sýnt hefði verið fram á með mannfæðifræðilegri rannsókn að faðir þeirra, K sem lést 2006, hefði í raun verið sonur J og þeim bæri því arfur úr dánarbúi J. Í dómi Hæstaréttar kom fram að með hliðsjón af skýrum texta 1. töluliðar 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962, lögskýringargögnum og lögbundnum skilyrðum um feðrun barna samkvæmt 1. mgr. 3. gr. barnalaga nr. 76/2003 leiddi að niðurstaða mannfæðifræðilegra rannsókna nægði ekki ein og sér til viðurkenningar erfðatilkalls. Var úrskurður Landsréttar um að hafna kröfum A og B því staðfestur.

Hrd. 25. janúar 2023 í máli nr. 58/2022:  
A gegn B

B krafðist þess að sér væri heimilt að liðnum þremur mánuðum frá uppsögu úrskurðar að fá barn sitt og A tekið úr umráðum A og afhent sér með beinni aðfarargerð, hefði A ekki áður farið með barnið til búseturíkis þeirra. Landsréttur féllst á þá kröfu. Í dómi Hæstaréttar kom fram að þótt málið væri rekið eftir ákvæðum Haagssamningsins og í niðurstöðu þess fælist ekki efnisleg úrlausn um álitamál varðandi forsjá barnsins gæti Landsréttur ekki komið sér hjá því að meta, á grundvelli viðhlítandi gagna, hvort afhending barnsins gæti haft í för með sér andlegan eða líkamlegan skaða ef A yrði ekki fært að fylgja því eftir til búseturíkis. Landsrétti hefði því borið að hlutast til um að afla mats um tengsl aðila við barn sitt og hver áhrif það kynni að hafa á andlega og líkamlega líðan þess ef fallist yrði á kröfur B. Þar sem Landsréttur hefði ekki hlutast til um þessa gagnaöflun komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að ekki væri hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og var málinu vísað á ný til Landsréttar til löglegrar meðferðar.

Hrd. 15. febrúar 2023 í máli nr. 37/2022:  
María Björg Þórhallsdóttir og Ólafur  
Hvanndal gegn ÍL-sjóði

Í málinu var deilt um heimild Í til að krefja M og Ó um þóknun við uppgreiðslu á húsnæðisláni sem þau höfðu tekið í júlí 2008 hjá Í. Ágreiningur laut einkum að afleiðingum þess að í skilmálum lánsamnings aðila skorti ákvæði um útreikning þóknunar, þrátt fyrir

lagaskyldu þar um og hvort M og Ó ættu af þeirri ástæðu rétt á endurgreiðslu hennar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að uppgreiðslugjaldinu yrði ekki jafnað til vaxta eða annars lántökukostnaðar sem lánveitanda var skylt að veita neytanda upplýsingar um þegar lán var veitt í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán. Þá kom fram í dómnum að við heildarmat á efni veðbréfsins, stöðu aðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til yrði ekki fallist á með M og Ó að það teldist ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að Í bæri fyrir sig skilmála veðbréfsins um uppgreiðslubókun. Var því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um að sýkna Í af kröfu M og Ó um endurgreiðslu hennar.

#### Hrd. 29. mars 2023 í máli nr. 48/2022: Íslenska ríkið gegn A

A höfðaði mál á hendur Í og krafðist skaðabóta vegna gæslu hans á Ítalíu frá 14. febrúar til 16. ágúst 2017 á meðan hann beið framsals hingað til lands og vegna gæsluvarðhalds sem hann sætti hér á landi frá 17. ágúst 2017 til 10. janúar 2018 í tengslum við rannsókn lögreglu og meðferð sakamáls. Málinu lauk með því að A var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi. A krafði Í um bætur á þeim grundvelli að hann hefði verið sviptur frelsi að ósekju í skilningi 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar vegna 269 daga frelssviptingar hans umfram dæmda refsingu. Í dómi Hæstaréttar kom fram að við frelssviptingu A hefði ekki verið gætt meðalhófs og hann sætt gæsluvarðhaldi langt umfram nauðsyn andstætt 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Líta yrði til markmiðs og eðlis 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar þar sem ekki væru í almennum lögum fyrir mæli um bótarétt manns sem hefði verið sakfelldur líkt og í tilviki A. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Í bæri hlutlæga bótaábyrgð á frelssviptingu A með vísan til framangreinds ákvæðis stjórnarskrárinnar. Þá taldi rétturinn að ekki stæðu málefnaleg rök til þess að greina

á milli ábyrgðar Í á frelssviptingu A hér á landi og á Ítalíu. Um bótafjárhæð vegna miska A vísaði Hæstiréttur annars vegar til þess að A hefði hlotið refsidóm fyrir peningabætti en hins vegar að ekkert hefði komið fram um að hann hefði sjálfur átt sök á að frelssvipting hans varð svo löng sem raun bar vitni. Voru miskabætur til A ákveðnar 6.000.000 króna.

#### Hrd. 19. apríl 2023 í máli nr. 44/2022: Félag makrílveiðimanna gegn íslenska ríkinu

FM höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu vegna takmarkana á veiðiheimildum félagsmanna sinna til veiða á makríl sem innleiddar voru með lögum nr. 46/2019. Ágreiningurinn laut að stjórnskipulegu gildi laganna. Hæstiréttur taldi aðalkröfu FM þannig úr garði gerða að í henni fælist krafa um að dómurinn tæki afstöðu til þess hagsmunamats sem lægi að baki lögum nr. 46/2019 án þess að niðurstaðan hefði raunhæfa þýðingu fyrir réttarstöðu félagsmanna FM þannig að skorið yrði úr um tilvist og efni réttinda þeirra. Aðalkröfu FM var því vísað frá dómi. Hæstiréttur taldi varakröfuna þannig úr garði gerða að unnt væri að leysa úr efni hennar enda lyti hún að takmörkun á heimildum félagsmanna til að ráðstafa aflahlutdeild og aflamarki þeirra í makríl. Ekki var fallist á með FM að löggjafinn hefði með takmörkunum á heimildum félagsmanna til ráðstöfunar á aflaheimildum gengið svo langt að það fæli í sér mismunun milli skipa í tilteknum flokkum sem bryti í bága við atvinnuréttindi þeirra. Löggjafinn hefði aukið svigrúm til takmörkunar slíkra réttinda þegar kæmi að skipulagi í sjávarútvegi og við val á leiðum til að ná markmiðum um skynsamlega nýtingu auðlinda og verndunar umhverfis. Var talið að hlutlægar og málefnalegar ástæður hefðu legið að baki þeim greinarmun sem gerður var á skipum eftir veiðarfærum í þessu sambandi og ekki hefði verið gengið of langt í mismunun gagnvart skipum félagsmanna áfrýjanda til að ná því markmiði, þannig að brotið hefði verið

gegn stjórnarskrárvörðum réttindum þeirra. Í var því sýknað af varakröfu FM.

Hrd. 23. maí 2023 í máli nr. 45/2022:  
Dánarbú Finnborgar Bettýjar Gísladóttur,  
Þrotabú Hansínu Sesselju Gísladóttur,  
Elísa Finnsdóttir, Gísli Finnsson, Guðmundur  
Gíslason, Margrét Margrétardóttir, Karl  
Lárus Hjaltsted, Sigurður Kristján  
Hjaltsted, Markús Ívar Hjaltsted  
og Sigríður Hjaltsted gegn Kópavogsbæ

Erfingjar í dánarbúi SKLH höfðuðu mál á hendur K og kröfðust greiðslu bóta vegna eignarnáms K á jörðinni V í fjögur skipti á árunum 1992, 1998, 2000 og 2007. Deilt var um hvort dánarbúið ætti sem handhafi beins eignarréttar að V rétt til bótanna en þær höfðu verið greiddar ábúendum jarðarinnar. Árið 1938 hafði MEH þáverandi eigandi jarðarinnar V arfleitt SKLH að öllum eignum sínum, þar á meðal V, en í erfðaskránni voru margvíslegar kvaðir lagðar á ráðstöfun og nýtingu jarðarinnar. Dánarbú SKLH var tekið til opinberra skipta árið 1967 og var þeim ólokið. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að rétturinn hefði í fyrri dómum slegið því föstu að beinn eignarréttur að V hefði færst til SKLH á grundvelli erfðaskrárinnar frá 1938 og væri nú á hendi dánarbús hans og að réttindi ábúenda V bæri að skilgreina sem óbein eignarréttindi. Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að kröfur sem dánarbúið kynni að hafa átt á hendur K vegna eignarnáms árin 1992, 1998 og 2000 væru fyrndar en að ófyrnd væri krafa vegna eignarnámsins 2007. K byggði á því að sýkna bæri hann af kröfu dánarbúsins þar sem það hefði ekki orðið fyrir neinu fjártjóni við eignarnámið 2007. Hæstiréttur tók fram að niðurstaða þess réðist af efnislegu inntaki beinna og óbeinna eignarréttinda yfir V eins og þau hefðu verið mörkuð með erfðaskránni frá 1938 og grundvallarreglum íslenskrar réttarskipunar um form og inntak eignarréttinda eins og þær hefðu þróast í tímans rás. Með erfðaskránni frá

1938 hefði handhafi beins eignarréttar að V í reynd verið sviptur öllum þeim heimildum sem almennt fælust í eignarrétti, svo sem umráða-, hagnýtingar-, ráðstöfunar-, skuldsetningar-, arfleiðslu- og verndarrétti eiganda. Því yrði að leggja til grundvallar að beinn eignarréttur yfir V sem SKLH hefði hlotið með erfðaskránni frá 1938 hefði verið formlegs eðlis, án fjárgildis og því verðlaus í höndum rétthafans frá upphafi. Rétturinn sem nú væri á höndum dánarbúsins yrði því ekki metinn til fjár á peningalegan mælikvarða og hefðu áfrýjendur því ekki orðið fyrir fjártjóni við eignarnámið 2007. Var K því sýkn af kröfum áfrýjenda.

Hrd. 6. júní 2023 í máli nr. 10/2023:  
A gegn B

Í málinu var deilt um uppgjör fjárskipta við sambúðarslit aðila málsins. Laut deilan einkum að því hvort og þá í hvaða mæli konan, A, ætti tilkall til hlutdeildar í eignamyndun á sambúðartíma samkvæmt þeim réttarreglum sem dómstólar höfðu mótað á þessu sviði, en umdeildar eignir voru á viðmiðunardegi skipta að stærstum hluta skráðar eign mannsins, B. Í dómi Hæstaréttar var rakið að sambúð aðila hefði staðið yfir frá árinu 1999 til 2017, að undanskildu nokkurra mánaða tímabili á árunum 2004 til 2005, og þau eignast þrjú börn saman. B hafði átt meiri eignir en A í upphafi sambúðar og aflað tekna í meiri mæli en A á sambúðartímanum. Rekstur heimilis og uppeldi barna þeirra hefði aftur á móti í ríkara mæli hvílt á herðum A. Hæstiréttur taldi að slík fjárhagsleg samstaða hefði skapast með aðilum að hvað sem leið opinberri skráningu einstakra verðmæta sem deilt var um í málinu hefði allt að einu verið forsendur til þess að meta sérstaklega hlutdeild A í eignamyndun á sambúðartímanum. Hefðu umrædd eignarréttindi meðal annars orðið til með framlagi A til þátta sem ekki fólust í beinum fjárframlögum. Hæstiréttur féllst því á kröfu A um hlutdeild í þeirri eignamyndun sem varð í fasteign sem var skráð eign B með

þeim hætti að viðurkennd var að álitum 30% eignarhlutdeild hennar í fasteigninni á móti 70% eignarhlutdeild B. Þá var fallist á þá kröfu A að innstæða á tilteknum bankareikningi B á viðmiðunardegi kæmi til jafnra skipta milli aðila sem og sex nánar tilgreind ökutæki. Hvorki var hins vegar fallist á kröfu A um að til skipta kæmi hlutafé B í þremur einkahlutafélögum né óverulegar innstæður á nokkrum bankareikningum.

### Hrd. 28. júní 2023 í máli nr. 2/2023: Ferðaskrifstofa Íslands ehf. gegn Grétari Má Ólafssyni

G höfðaði mál á hendur F ehf. og krafðist endurgreiðslu vegna ferðar sem hann hafði bókað hjá F og greitt að fullu til Norður-Ítalíu en afpantað daginn fyrir brottför vegna útbreiðslu COVID-19 faraldurs. Hæstiréttur taldi ótvírætt að þegar ferðin var afþöntuð hefðu aðstæður á ákvörðunarstað verið bæði óvenjulegar og óviðráðanlegar og haft veruleg áhrif á framkvæmd fyrirhugaðrar ferðar G í skilningi 3. mgr. 15. gr. laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Ekki var talið hafa úrslitapýðingu hvort íslensk stjórnvöld hefðu formlega skilgreint alla Ítalíu sem svæði með mikla smitáhættu á þeim degi sem ferðin var afþöntuð heldur væri nægilegt að vissar líkur væru á áhættu fyrir heilbrigði G og fjölskyldu hans vegna farsóttar. Þá var ekki fallist á að lagafyrirmæli um rétt G til endurgreiðslu og beiting hennar við þessar aðstæður væru óhóflega íþyngjandi fyrir eignarrétt eða atvinnustarfsemi ferðaskrifstofunnar. Var því talið að skilyrði til að afpanta ferðina með rétti til fullrar endurgreiðslu væru uppfyllt og að F bæri áhættuna af því að ferð væri afþöntuð af þessum ástæðum. Var niðurstaða Landsréttar um rétt G til fullrar endurgreiðslu ásamt dráttarvöxtum staðfest.

### Hrd. 28. júní 2023 í máli nr. 26/2023: Bára Garðarsdóttir gegn Helgu Rós Níelsdóttur

Í málinu var deilt um kröfu B um ógildingu á nauðungarsölu á hesthúsi sem farið hafði fram að beiðni H til slita á sameign. Í dómi Hæstaréttar kom fram að fasteignin væri í sérstakri sameign aðila. Rétturinn vísaði jafnframt til þess að skilyrði þess að krefjast mætti slita á sameign eftir 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu væri að sýnt hefði verið fram á að eigninni yrði ekki skipt milli eigenda án verulegs tjóns eða kostnaðar. Það hvíldi á þeim sem krefjast nauðungarsölu til slita á sameign að sýna fram á það. Þar sem ekkert lægi fyrir um kostnað eða tjón af skiptingu hússins annað en yfirlýsingar aðila hefði sönnunarkröfum 2. mgr. 8. gr. laganna ekki verið mætt. Því taldi Hæstiréttur að á skorti að skilyrði greinarinnar fyrir nauðungarsölu til slita sameignar hefðu verið uppfyllt af hálfu H. Var því fallist á kröfu B og salan felld úr gildi.

### Hrd. 28. júní 2023 í máli nr. 5/2023: A gegn B ehf.

Ágreiningur aðila laut að því hvort aðgerð sem var liður í meðferð A vegna kynmisræmis félli undir sjúkdómshugtak vinnuréttar og þess kjarasamnings sem var í gildi þegar aðgerðin fór fram og um rétt A til launa í veikindaforföllum vegna hennar. Dómurinn vísaði til þess að markmið laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfstæði hefði verið að mæla fyrir um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt sjálfir og þannig tryggja einkalífsréttindi þeirra sem njóta stjórnarskrárverndar. Þannig hefði með lögunum engin afstaða verið tekin til þess hvort kynmisræmi gæti talist veikindi og hvorki lögin né lögskýringargögn bentu til að ætlun löggjafans hefði verið að skerða réttindi þeirra sem lögin tækju til. Í málinu hafði A aflað tveggja læknisvottorða um óvinnufærni sína og í vætti annars læknisins fyrir dómi kom fram að aðgerðin hefði verið aðkallandi til að

koma í veg fyrir óvinnufærni A. Þegar B ehf. bárust þessi vottorð kallaði hann hvorki eftir frekari skýringum né freistaði þess að fá þeim hnekkt. Að þessu gættu var talið að A hefði sannað rétt sinn til launa í veikindaforföllum. Krafa A var því tekin til greina.

#### Hrd. 4. október 2023 í máli nr. 11/2023: Reykjavíkurborg gegn A

A, þáverandi starfsmaður R, varð fyrir líkamstjóni á árinu 2018 þegar ekið var á hann á gangbraut við Ánanaust. Ágreiningur málsins laut að því hvort R bæri að greiða A bætur vegna slyssins á grundvelli reglna sem gilda um slys starfsmanna R utan starfs eða reglna sem gilda um slys sem starfsmenn verða fyrir í starfi. Deildu aðilar einkum um hvort A hefði verið á eðlilegri leið milli vinnustaðar og heimilis þegar slysið varð. Ágreiningslaust var að A var vanur á leið sinni úr vinnu að hlaupa rúmlega níu kílómetra langa leið sem lá frá vinnustað hans í Laugardal að göngustíg á Sæbraut, meðfram Sæbraut, Geirsgötu og Mýrargötu, út á Eiðsgranda að Eiðistorgi og þaðan að heimili hans við Hagamel. Aðilar höfðu jafnframt gert með sér samgöngusamning sem fól í sér að A gekkst undir að notast við vistvænan samgöngumáta á leið til og frá vinnu. Í dómi Hæstaréttar kom fram að gefa yrði þeim sem kjósa að hlaupa eða ganga milli vinnustaðar og heimilis svigrúm til að velja sér leið sem henti þeim ferðamáta, enda yrði þeim áskilnaði ekki fundinn staður í reglum um slys sem starfsmenn R verða fyrir í starfi að velja beri stystu eða beinustu leið. Því svigrúmi væru þó sett ákveðin mörk. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að leið A hefði ekki verið úr hófi löng þegar tekið væri mið af því vali hans að hlaupa á göngu- og hlaupastígum fremur en gangstéttum umferðargatna. Var leið hans því talin eðlileg leið í skilningi reglna R um slys sem starfsmenn verða fyrir í starfi, óháð því hvort sá hluti leiðarinnar sem hann átti eftir ófarinn rúmaðist allur innan þess. Var því fallist á kröfur A á hendur R.

#### Hrd. október 2023 í máli nr. 32/2023: A og B gegn C

Málið laut að kröfu A og B um mannerfðafræðilega rannsókn á grundvelli 15. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem fól í sér að rannsakað yrði hvort sonur C væri sonur látins föður A og B en þau höfðu höfðað mál til vefengingar á því. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að drengurinn hefði verið feðraður samkvæmt 2. mgr. 2. gr. barnalaga þar sem foreldrar hans voru í hjúskap þegar hann fæddist. Þá tók rétturinn fram að þeir persónulegu hagir sem fólgnir væru í faðerni barns allt frá fæðingu væru þáttur í einkalífi þess sem varið væri af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi þess að ekki lægi annað fyrir í málinu en einhliða staðhæfingar A og B um að drengurinn væri ranglega feðraður yrði lagt til grundvallar að hagsmunir sonar C af því að þurfa ekki að þola inn grip með mannerfðafræðilegri rannsókn vægju þyngra en hagsmunir A og B af því að slík rannsókn færi fram. Yrði jafnframt að hafa í huga grunnreglu barnaréttar um að það sem væri barni fyrir bestu skyldi ávallt hafa forgang þegar teknar væru ákvarðanir um málefni barna. Var úrskurður Landsréttar staðfestur um að hafna kröfu A og B.

#### Hrd. 25. október 2023 í máli nr. 9/2023: A og Öryrkjabandalag Íslands gegn Tryggingastofnun ríkisins

A og Ö höfðuð mál á hendur T vegna setningar laga nr. 116/2016 sem bættu nýrri reglu um áhrif tekna á útreikning ellilífeyris við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Ágreiningur aðila laut að stjórnskipulegu gildi laganna og hvort með þeim hefði komist á ólögmet mismunun milli ellilífeyrisþega annars vegar og örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega hins vegar. A krafðist greiðslu vangreiddra



bóta og Ö viðurkenningar á greiðsluskyldu T fyrir árin 2017 og 2018, en til vara krafðist A viðurkenningar á skaðabótaskyldu T. Þá kröfðust A og Ö viðurkenningar á að T hefði verið óheimilt að skerða greiðslur sérstakrar uppbótar. Í dómi Hæstaréttar var aðalkröfum A og Ö vísað frá héraðsdómi þar sem í þeim fælist krafa um að dómstólar tækju ákvörðun um málefni sem heyrði undir löggjafarvald andstætt 2. gr. stjórnarskrárinnar. Varakröfu A um viðurkenningu á skaðabótaskyldu T var vísað frá vegna vanreifunar hennar. Við úrlausn um hvort T hefði verið óheimilt að skerða greiðslur sérstakrar uppbótar á lífeyri til A og Ö var litið til ólíkra forsendna annars vegar að baki ellilífeyri og hins vegar réttar til greiðslu sérstakrar uppbótar sem þáttar í félagslegri aðstoð til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Var ekki talið ómálefnalegt að markmið og stefna stjórnvalda í málaflokkum þessara hópa væri ekki eins í öllu tilliti en ólíkar reglur hefðu ávallt gilt um áhrif tekna á einstaka bótaflokkum ellilífeyris og örorkulífeyris. Einnig hefðu mismunandi þarfir og aðstæður á hverjum tíma innan hvors málaflokks gefið tilefni til sjálfstæðra lagabreytinga. Þar sem ekki væri um sambærileg tilvik að ræða var ekki talið að lög nr. 116/2016 hefðu leitt til ólögmetrar mismununar sem bryti í bága við 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þá var ekki talið að réttur A og Ö samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar eða eignarréttindi samkvæmt 72. gr. hennar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu hefðu verið skert. Var því staðfest niðurstaða Landsréttar um að sýkna stefnda af kröfum A og Ö.

#### Hrd. 1. nóvember 2023 í máli nr. 17/2023: TM tryggingar hf. gegn A

Ágreiningur aðila laut að því hvort meta skyldi árslaun A samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. A varð fyrir líkamstjóni í umferðarslysi árið 2014 en hún

var þá nýlega orðin 18 ára og barnshafandi. Hún fékk greiddar bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá T hf. og við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku var miðað við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Hæstiréttur féllst á að aðstæður hennar hefðu verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga með vísan til þess að A hefði á slysdegi hafið fulla þátttöku á vinnumarkaði og ekki haft önnur áform um nám en þau sem hún gæti sinnt meðfram starfi. Varðandi það hvort skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um að annar mælikvarði væri réttari á líklegar framtíðartekjur en sá sem fram kemur í 3. mgr. greinarinnar tók rétturinn fram að A hefði unnið ýmis störf, fyrst og fremst við þjónustu og verslun, og hafði engin áform um annað en að halda þeim áfram á slysdegi. Var því staðfest sú niðurstaða Landsréttar að við uppgjör bóta til A yrði farið eftir 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og að meðallaun starfsfólk í afgreiðslu- og sölustörfum gæfu réttari mynd af líklegum framtíðartekjum hennar.

#### Hrd. 29. nóvember 2023 í máli nr. 19/2023: A gegn TM tryggingum hf.

Avarðfyrirlíkamstjóni í umferðarslysi árið 2011. Hún fékk greiddar bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá T hf. og var við útreikning þeirra notast við margföldunarstuðul 1. mgr. 6. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og málið lá fyrir Hæstarétti gerði A kröfu um að notast yrði við hærri stuðul en mælt er fyrir um í ákvæðinu. A taldi að með mati dómskvadds manns hefði verið sýnt fram á að stuðullinn tryggði ekki fullar bætur og bryti þannig í bága við 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að við setningu laga nr. 37/1999, þar sem 6. gr. skaðabótalaga var breytt í núverandi horf, hefði verið stuðst við málefnaleg sjónarmið sem höfðu það að markmiði að staðla bætur til tjónþola miðað við nánar tilgreindar forsendur. Fælist því í ákvæðinu skýrt og ótvírætt

heildarmat löggjafans sem í meginráttum væri í samræmi við almenna mælikvarða. Hæstiréttur taldi þó að ekki yrði litið fram hjá því að þær forsendur sem stuðullinn byggðist á breytist að einhverju marki í tímans rás. Af því leiddi að einstaka forsendur hans þyrfti að endurmeta og uppfæra miðað við þróun þeirra þátta sem til grundvallar honum lægju til að markmiðið um fullar bætur næðist sem best. Allt að einu var áfrýjandi ekki talinn hafa sýnt fram á að stuðullinn væri í slíku ósamræmi við meginreglu um fullar bætur til tjónþola að honum yrði vikið til hliðar með atbeina dómstóla með þeim hætti sem krafist var. Var T hf. því sýknað af kröfum A.

### Hrd. 22. desember 2023 í máli nr. 39/2023: Íslenska ríkið gegn Ástríði Grímsdóttur

Í málinu var deilt um ákvarðanir Í sem vörðuðu laun héraðsdómarans A og tilkynntar voru með bréfi Fjárslu ríkisins 29. júní 2022. Í fyrsta lagi var tekin ákvörðun um að breyta viðmiði við árlega uppfærslu launa A, í öðru lagi að endurkrefja hana um hluta greiddra launa og í þriðja lagi að lækka laun hennar fyrir júní 2022. Í dómi Hæstaréttar kom fram að samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla, sbr. lög nr. 79/2019, skyldu laun dómara taka breytingum í samræmi við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa starfsmanna ríkisins fyrir næstliðið almanaksár. Hins vegar lægi fyrir að allt frá gildistöku laga nr. 79/2019 til 1. júlí 2022 hefði Í lagt til grundvallar launavísitölu ríkisstarfsmanna við framkvæmd árlegra breytinga á launum dómara. Hæstiréttur vísaði til þess að stjórnvöld gætu almennt ekki borgurunum í óhag breytt túlkun sinni á lagaákvæði sem lægi til grundvallar stjórnsluframkvæmd nema hún hafi reynst röng. Meginreglur stjórnsluréttar um breytta stjórnsluframkvæmd, hefðu jafnframt aukið vægi í þessu máli þar sem í því reyndi á breytingar á framkvæmd samkvæmt

löggjafarfyrirkomulagi sem byggðist á þeirri grunnforsendu að tryggja yrði sjálfstæði dómstóla gagnvart framkvæmdarvaldinu þegar kæmi að því að ákveða laun dómenda. Hæstiréttur taldi það val Í í upphafi að miða við launavísitölu ríkisstarfsmanna ekki vera í bersýnilegu ósamræmi við texta 4. mgr. 44. gr. laga nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019 eða lögskýringargögn. Hefði umrædd breyting á stjórnsluframkvæmd því ekki verið heimil að óbreyttum lögum samkvæmt meginreglum stjórnsluréttar. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun að breyta því viðmiði sem lá til grundvallar árlegum útreikningi hlutfallslegrar breytingar á launum dómara væri ólögæt, ásamt hinum tveimur ákvörðunum Í þar sem þær sæktu efni sitt og forsendur til lögmætis hennar. Ákvörðun um að krefja A um endurgreiðslu greiddra launa var jafnframt talin í ósamræmi við meginreglur kröfuréttar. Með dómi Hæstaréttar var því viðurkennt að þær þrjár ákvarðanir Í sem málshöfðun A beindist að væru ólögæt.

### Hrd. 11. desember 2023 í máli nr. 25/2023: Björn Ingólfsson og dánarbú Steinunnar Erlu Friðþjófsdóttur gegn Guðmundi Skúlasyni og Raffagi ehf.

Ágreiningur málsins laut að því hvort forkaupsréttur G og R ehf. á grundvelli skiptayfirlýsingar sem þinglýst var á fasteign málsaðila hefði orðið virkur við sölu B á eignarhluta sínum í fasteigninni til eiginkonu sinnar S. Með dómi Hæstaréttar var ekki fallist á að forkaupsrétturinn hefði verið bundinn við persónu þess eiganda sem til hans stofnaði heldur ætlað varanlegt gildi. Þá féllst rétturinn ekki á þá málsástæðu að forkaupsrétturinn hefði ekki orðið virkur við ráðstöfun eignarinnar frá B til S þar sem ekki hefði verið um sölu að ræða í skilningi forkaupsréttar heldur yfurfærslu hjúskapareignar milli hjóna. Hæstiréttur taldi þvert á móti að skjalið hefði borið hefðbundin einkenni afsals og eignarhald fasteignarinnar

formlega færst til S þegar því var þinglýst athugasemdalaust. Þá var ekki fallist á að um málamyndagering hefði verið að ræða. Var því forkaupsréttur G og R ehf. viðurkenndur.

## SAKAMÁL

### Hrd. 22. febrúar 2023 í máli nr. 46/2022: Ákærvaldið gegn X

X var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa ráðist að fyrirverandi kærustu sinni á heimili hennar með ofbeldi og haft samræði og önnur kynferðismök við hana án hennar samþykkis. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að í hinum áfrýjaða dómi hefði verið talið sannað með trúverðugum framburði brotþola, sem ljósmyndir af áverkunum renndu stöðum undir, að X hefði í umrætt sinn beitt hana miklu ofbeldi. Þá hefði X fyrir dómi gengist við því að hafa ekki leitað eftir samþykki brotþola áður en hann beitti hana ofbeldi við kynmök. Hæstiréttur tók fram að refsineami nauðgunar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga fælist í því að hafa kynferðismök við mann án samþykkis hans en samþykkið þyrfti að vera tjáð af frjálsum vilja. Að því gættu hefði X þurft að fá ótvírætt samþykki brotþola fyrir þeim ofbeldisfullu kynmökum sem ákæra laut að og gat hann ekki gefið sér að það væri sjálfkrafa fyrir hendi. Var dómur Landsréttar staðfestur um sakfellingu og ákvörðun refsingar sem ákveðin hafði verið fangelsi í þrjú ár.

### Hrd. 26. apríl 2023 í máli nr. 52/2022: Ákærvaldið gegn Birni Herberti Guðbjörnssyni og Skúla Magnússyni

B og S voru sakfelldir fyrir hlutdeild í manndrápi af gáleysi samkvæmt 215. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk brota gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað,

hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðum nr. 367/2006 um notkun tækja og nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, annars vegar sem framkvæmdastjóri og hins vegar sem verksmiðjustjóri. Fólst brotið í því að hafa samþykkt að C, undirmaður B og S hjá [...] ehf., gerði óvirkan öryggisbúnað á frauðpressuvél sem leiddi til þess að annar starfsmaður beið bana í vinnu við vélna. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að ákærðu hafi borið að bregðast við þeim upplýsingum sem þeir fengu frá C um að öryggisrofi á hættulegri vél hefði verið aftengdur með því að banna notkun vélarinnar eða sjá til þess að starfsmenn yrðu upplýstir um aftengingu öryggisbúnaðarins. Þetta athafnaleysi þeirra var lagt að jöfnu við að þeir hefðu með gáleysislegu liðsinni í verki eða á annan hátt átt þátt í því manndrápi af gáleysi sem dómfelldi C var sakfelldur fyrir með dómi héraðsdóms. Hæstiréttur þyngdi refsingu beggja ákærðu. Refsing B var ákveðin fangelsi í þrjú mánuði og refsing S fangelsi í tvo mánuði en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár.

### Hrd. 6. júní 2023 í máli nr. 6/2023: Ákærvaldið gegn X

Með dómi Landsréttar var X sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa í tvö skipti á tilgreindu tímabili káfað á kynfærum dóttur sinnar, A. Refsing X var ákveðin fangelsi í níu mánuði en fullnustu sex mánaða hennar frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Með úrskurði endurupptökudóms 11. janúar 2022 var fallist á endurupptöku málsins fyrir Landsrétti að beiðni ákærða. Með hinum áfrýjaða dómi Landsréttar var X sakfelldur á ný og refsing hans ákveðin 12 mánaða fangelsi en níu mánuðir bundnir skilorði í tvö ár. Með þeim dómi var X því gerð þyngri refsing en hann hafði verið dæmdur til með fyrri dómi Landsréttar. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu Landsréttar

um sakfellingu en taldi ákvörðun refsingar hafa verið í beinni andstöðu við 5. mgr. 231. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þess efnis að hafi mál verið endurupptekið eftir beiðni dómfellda megi hlutur hans aldrei verða lakari en hann var samkvæmt upphaflegum dómi. Refsing var ákveðin fangelsi í níu mánuði en fullnustu sex mánaða hennar frestað skilorðsbundið í tvö ár.

#### Hrd. 21. júní 2023 í máli nr. 8/2023: Ákærvaldið gegn Angjelin Sterkaj, Claudiu Sofiu Coelho Carvalho, Murat Selivrada og Shpetim Qerimi

AS, CS, MS og SQ voru ákærð fyrir manndráp samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa í félagi staðið saman að því að svipta A lífi. Landsréttur komst að þeirri niðurstöðu að um samverknað allra ákærðu hefði verið að ræða og sakfelldi öll fyrir manndráp. AS var dæmdur í 20 ára fangelsi en refsing annarra ákveðin 14 ára fangelsi. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu Landsréttar að ásetningur AS til að svipta A lífi hefði verið einbeittur og að CS, MS og SQ hefði hlotið að vera ljóst að langlíklegast væri að AS hygðist ráða A af dögum. Hæstiréttur taldi aftur á móti að sú þátttaka CS, MS og SQ sem lýst var í ákæru fullnægði ekki þeim kröfum sem gera yrði til þess að þau teldust hlutrænt séð hafa verið aðalmenn í manndrápi á grundvelli verkskiptrar þátttöku. Þátttaka þeirra þriggja teldist hlutrænt séð vera hlutdeild í manndrápi og var því slegið föstu að ásetningur þeirra hefði staðið til hlutdeildar í manndrápi. Voru þau öll dæmd til fangelsisrefsingar, AS í 16 ár, CS í þrjú ár, MS í fjögur ár og SQ í 10 ár. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að heimild skorti að lögum til að dæma AS til þyngri tímabundinnar refsingar en mælt er fyrir um í 211. gr. almennra hegningarlaga. Þá væru ekki skilyrði til að ákveða honum refsingu með vísan til 2. mgr. 70. gr. sömu laga þar sem brot annarra hefðu verið hlutdeildarbrot. Við

ákvörðun refsingar CS, MS og SQ var litið til þess að um hlutdeild í mjög alvarlegu broti væri að ræða. Þar sem þáttur CS og MS í undirbúningi brotsins þótti smávægilegur var refsing þeirra ákveðin með hliðsjón af 2. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

#### Hrd. 4. október 2023 í máli nr. 56/2022: Ákærvaldið gegn Ívari Guðjónssyni

Með dómi Hæstaréttar var ÍG sakfelldur fyrir markaðsmisnotkun í starfsemi L hf. Með úrskurði endurupptökudóms var fallist á beiðni ÍG um endurupptöku málsins á þeim grunni að gallar hefðu verið á meðferð þess fyrir Hæstarétti. Í málinu var ÍG sem forstöðumaður eigin fjárfestinga L hf. ákærður fyrir markaðsmisnotkun, sbr. 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Í dómi Hæstaréttar var lagt til grundvallar að starfs-hættir deildar eigin fjárfestingar L hf. hefðu gefið eða verið líklegir til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfa í L hf. ranglega eða misvísandi til kynna. Tekið var fram að eins og málið lægi fyrir réttinum kæmi einungis til álita að sakfella ÍG fyrir það tímabil sem hann hafði verið sakfelldur fyrir í hinum áfrýjaða dómi héraðsdóms, það er frá 29. september til 3. október 2008. Var talið sannað að starfsmenn eigin fjárfestinga hefðu ekki framkvæmt hin umfangsmiklu kaup á eigin bréfum á fyrrnefndu tímabili án vitundar og samþykkis ÍG og að viðskiptin sem um ræddi hefðu verið að undirlagi hans. Var því niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ÍG staðfest en honum ekki gerð sérstök refsing í málinu þar sem hann hafði þegar afplánað tveggja ára fangelsisrefsingu á grundvelli fyrri dóms Hæstaréttar.


# RAFRÆN MÓTTAKA ÁFRÝJUNARLEYFISBEIÐNA OG VEFUR HÆSTARÉTTAR

Í október opnaði Hæstiréttur þjónustugátt til að taka rafrænt við beiðnum um áfrýjunarleyfi. Gáttin er aðgengileg á vef réttarins og er opnuð með rafrænum skilríkjum. Þegar leyfisbeiðandi hefur fyllt út það umsóknarform sem við á og hlaðið inn viðeigandi gögnum birtast áfrýjunarleyfisbeiðni og gögn samstundis í málaskrárkerfi réttarins. Í kjölfarið er gagnaðila veittur kostur á því að hlaða inn umsögn sinni.

Samhliða því að þjónustugáttin var tekin í notkun þarf ekki lengur að skila gögnum á pappír enda málsmeðferðin orðin rafræn að öllu leyti. Gögnum sem verða til við vinnslu málskotsbeiðna hjá Hæstarétti verður skilað rafrænt til Þjóðskjalasafns Íslands.

Vonir standa til að innan tíðar verði gerðar viðeigandi lagabreytingar svo að unnt verði að taka rafrænt við beiðnum um kæruleyfi þannig að allar málskotsbeiðnir til réttarins verði unnar með því móti. Með því verður haldið áfram á þeirri braut að auka rafræna málsmeðferð í starfsemi réttarins.

Á árinu var unnið að uppfærslu á vef Hæstaréttar þar sem sérstök áhersla var lögð á enska hlutann sem hefur verið endurskrifaður. Nýmæli er að tveir markverðir dómar voru reifaðir á ensku og birtir á vefnum en fyrirhugað er að framhald verði á því þegar dómar ganga sem geta átt erindi út fyrir landsteinana.











# NORRÆNT SAMSTARF

## Ráðstefna norrænna hæstaréttardómara

Ráðstefnan var í þetta sinn haldin á Íslandi á Hótel Grímsborgum 27. og 28. mars. Vegna heimsfaraldursins var nokkuð liðið frá síðustu ráðstefnu en hún var haldin í Finnlandi vorið 2019. Til Íslands mættu á þriðja tug gesta frá öllum æðstu dómstólum Norðurlandanna.

Hvert landanna fyrir sig gerði grein fyrir því sem efst var á baugi í starfsemi dómstólanna auk þess sem fjallað var um ýmis sameiginleg málefni. Þá var erindi frá hverju landi um málefni sem hefur þýðingu í norrænu samhengi. Af hálfu Íslands fjallaði Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari um frumkvæðishlutverk dómstóla við að gæta réttinda neytenda samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um ósanngjarna samningsskilmála í ljósi nýlegrar dómaframkvæmdar Evrópu dómstólsins.

## Fundur forseta æðstu dómstóla Norðurlandanna

Þessi fundur er haldinn árlega og í þetta sinn var þingað í bænum Reine á Lofoten í Noregi 23. til 25. ágúst. Af hálfu Íslands sóttu fundinn Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar og Ingveldur Einarsdóttir varaforseti réttarins. Venju samkvæmt gerði hvert landanna grein fyrir starfsemi síns dómstóls á liðnu ári. Einnig voru tekin til umfjöllunar málefni sem eru efst á baugi og hafa sameiginlega þýðingu fyrir dómstóla landanna. Benedikt fjallaði um reglur um skipun dómara og þróun þeirra hér á landi en víðast hvar tekur efni þeirra mið af því að efla sjálfstæði dómvaldsins. Einnig var



Dómararnir á fundi í Lofoten.

á fundinum fjallað um nýlega skýrslu sænskrar nefndar þar sem lagðar eru til lagabreytingar til að efla lýðræði og sjálfstæði dómvaldsins. Þá má nefna að á fundinum var fjallað um fjárveitingar til dómstóla og þær reglur sem um það gilda.

Þeim sem sátu fundinn gafst tækifæri til að skoða einstaka náttúrufegurð svæðisins auk þess sem fulltrúi frá sveitarfélaginu gerði grein fyrir samfélaginu á þessu svæði.

## Fundur skrifstofustjóra æðstu dómstóla Norðurlandanna

Árlegur fundur skrifstofustjóra var haldinn í Stokkhólmi 25. til 26. september. Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri Hæstaréttar sótti fundinn. Þar var meðal annars til umfjöllunar framvinda og innleiðing stafrænnar málsmeðferðar auk þess sem rætt var um stjórn-sýslu dómstólanna og sjálfstæði þeirra. Á næsta ári verður norrænn fundur skrifstofustjóranna haldinn á Íslandi.

## SAMSKIPTI VIÐ ALÞJÓÐADÓMSTÓLA

Í starfi Hæstaréttar hefur verið lögð áhersla á að eiga góð samskipti við alþjóðadómstóla sem Ísland á aðild að. Það er einkum gert með gagnkvæmum heimsóknnum, miðlun upplýsinga og þátttöku í ráðstefnum og fundum.

Hinn 27. janúar sótti Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar hátíðlega athöfn í Strassborg í Frakklandi hjá Mannréttindadómstóli Evrópu sem haldin er ár hvert og markar upphaf starfsárs dómstólsins. Þar flutti erindi írski dómariinn við réttinn, Síofra O'Leary, sem þá hafði nýlega tekið við embætti forseta hans. Einnig flutti erindi Silvana Sciarra, forseti stjórnlagadómstóls Ítalíu. Sama dag sótti Benedikt ráðstefnu sem haldin var af Mannréttindadómstólnum.

Árleg vorráðstefna EFTA-dómstólsins var haldin í Lúxemborg 15. júní en hana sóttu hæstaréttardómararnir Benedikt Bogason, Ása Ólafsdóttir og Ólafur Börkur Þorvaldsson. Þessi ráðstefna er yfirleitt vel sótt af dómurum frá æðstu dómstólum aðildarríkjanna, Íslands, Noregs og Liechtensteins. Á henni er fjallað um málefni sem eru ofarlega á baugi á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Hinn 15. desember heimsótti Hæstarétt Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, og átti fund með dómurum og starfsmönnum réttarins. Hún ræddi um starfsemi dómstólsins, gerði grein fyrir hve mörg mál frá Íslandi væru þar til meðferðar og hvernig þau skiptust eftir málaflokkum. Einnig lýsti hún starfi sínu sem dómari við dómstólinn.



Frá heimsókn Oddnýjar Mjallar Arnardóttur, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu.



## FERÐ HÆSTARÉTTAR TIL LONDON

Dómarar Hæstaréttar auk skrifstofustjóra fóru til London um miðjan mars til að sitja fund í Hæstarétti Bretlands. Einnig var heimsóttur áfrýjunardómstóll Englands og Wales og breska þingið. Tildrög ferðarinnar má rekja til samtals sendiherra Íslands í Bretlandi, Sturlu Sigurjónssonar, við breskan hæstaréttardómara um að efna til samskipta af þessu tagi.

### Fundur í Hæstarétti Bretlands

Föstudaginn 17. mars sátu dómarar Hæstaréttar fund með sex dómurum Hæstaréttar Bretlands, en meðal þeirra voru Lord Reed forseti réttarins og Lord Hodge varaforseti hans. Einnig sátu fundinn Sturla Sigurjónsson, sendiherra, Róbert Spanó, fyrrverandi forseti

Mannréttindadómstóls Evrópu, og skrifstofustjórar Hæstaréttar Íslands og Bretlands.

Fundarefnið var áhrif mannréttindasáttmála Evrópu og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu á rétt ríkjanna. Hvort landanna hafði fyrir fundinn tekið saman minnisblað þar sem þessum áhrifum var lýst auk þess sem helstu dómar sem snerta efnið voru reifaðir. Um þetta var síðan fjallað á fundinum með því að bera saman hvernig ríkin hafa staðið að innleiðingu sáttmálans. Það viðfangsefni hafa þau um sumt nálgast með líkum hætti en annars ekki. Með þessu var varpað ljósi á sameiginleg verkefni frá ólíku sjónarhorni. Á fundinum gafst tækifæri á báða bóga til að varpa fram spurningum til að fá nánari skýringar á einstökum atriðum.



Frá fundi með Hæstarétti Bretlands.

Bæði löndin hafa veitt mannréttindasáttmálanum lagagildi. Það var gert á Íslandi með lögum nr. 62/1994 en í Bretlandi með lögum um mannréttindi (Human Rights Act) frá árinu 1998. Í breskum lögum kemur fram að túlka eigi lög í samræmi við sáttmálann auk þess sem þar segir að taka eigi tillit til dóma Mannréttindadómstólsins. Frá því að lögin tóku gildi hafa fá mál verið til meðferðar hjá Mannréttindadómstólnum sem lúta að Bretlandi og þess eru ekki mörg dæmi að dómstóllinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að Bretland hafi brotið gegn ákvæðum sáttmálans.

Á fundinum gafst einnig tækifæri til að gera grein fyrir rétti ríkjanna sem er um margt ólíkur. Bretland býr við „common-law“-réttarhefð en hér á landi er byggt á hefð meginlands Evrópu eða það sem kallað er „civil-law“-réttarhefð. Munurinn lýsir sér einkum í því að fordæmi dómstóla hafa meiri áhrif í fyrrnefndu lagahefðinni og hefur hún einnig verið kölluð fordæmisréttur. Einnig má nefna að í Bretlandi er ekki skrifleg stjórnarskrá og þar hefur þingið æðsta vald og geta dómstólar ekki vikið til hliðar lögum þess eins og á við hér á landi og víðar.

Hæstiréttur Bretlands tók til starfa árið 2009 en áður starfaði æðsti dómstóll þjóðarinnar innan lávarðadeildar breska þingsins. Tilgangurinn með því að stofna Hæstarétt Bretlands var meðal annars að undirstrika aðskilnað dómsvalds og löggjafarvalds. Rétturinn hefur til umræða gamalt og virðulegt hús við Parliament Square í Westminster nálægt þinghúsinu í London.

## Heimsókn í áfrýjunardómstól Englands og Wales

Fimmtudaginn 16. mars var áfrýjunardómstóll Englands og Wales (Court of Appeal) heimsóttur. Á móti hópnum tók Lord Justice Dingemans og kynnti hann starfsemi réttarins og sýndi húsakynni dómstólsins. Einnig var fylgst með málflytningi í máli sem laut að framsalsbeiðni frá ríki í Austur-Evrópu á manni sem hafði dvalið um árabil í Englandi. Að málflytningi loknum kvað dómari málsins upp dóm sinn munnlega og hafnaði beiðninni. Í kjölfarið áttu gestirnir fund með Lord Justice Dingemans og þeim dómara sem hafði málið til meðferðar og dæmdi það.

Dómstóllinn var stofnaður árið 1875 og skiptist í tvær deildir. Önnur þeirra fer með einkamál en hin sakamál. Dómstóllinn er í afar virðulegu og frægu húsi á götunni Strand sem er ekki langt frá Thames-ánni.

## Heimsókn í breska þingið

Fimmtudaginn 16. mars var einnig heimsótt breska þingið. Fylgst var stuttlega með þingfundi bæði í neðri deild þingsins og lávarðadeildinni auk þess sem þinghúsið var skoðað.

Á móti hópnum tók Craigavon vísigreifi en hann hefur átt sæti í lávarðadeildinni frá árinu 1974. Greifinn hefur lengi sýnt Íslendingum mikinn áhuga og hefur á löngum þingferli sínum tekið á móti fjölda sendinefnda frá landinu sem skipaðar hafa verið ráðherrum, þingmönnum og embættismönnum. Honum var boðið til landsins af Alþingi vorið 2001. Þess má geta að afi greifans, James Craig, átti um stutt skeið undir lok 19. aldar Geysi í Haukadál. James Craig gegndi embætti forsætisráðherra á Norður-Írlandi frá 1921 til 1940. Hann hlaut barónstign árið 1918 og var aðlaður árið 1927.

## FERÐ HÆSTARÉTTAR TIL JAPANS

Í nóvember stóð Lögfræðingafélag Íslands fyrir ferð til Japans. Hæstiréttur tók þátt í henni en fimm dómarar og skrifstofustjóri réttarins voru með í för. Lögfræðingafélagið hefur reglulega efnt til ferða af þessu tagi allt frá árinu 1997 þegar farið var til Washington. Þannig hafa verið heimsóttir æðstu dómstólar í Bandaríkjunum, Kína, Rússlandi, Indlandi, Argentínu, Georgíu, Frakklandi og Marokkó. Venjulega hafa einn eða fleiri dómarar Hæstaréttar verið með í för en ekki áður jafn margir og í ferðinni til Japans.

### Fundur í Hæstarétti Japans

Þriðjudaginn 7. nóvember var Hæstiréttur Japans heimsóttur og fundur haldinn með Saburo Tokura forseta réttarins og Yasumasa Nagamine, dómara við réttinn. Í fyrirsvari af hálfu Íslendinganna var Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar. Hann og forseti Hæstaréttar Japans lögðu áherslu á að þótt ríkin væru að mörgu leyti ólík byggðu þau á sömu gildum sem einkum væru mannréttindi og að standa vörð um réttarríkið. Einnig kom fram að Hæstiréttur Japans hefur samkvæmt stjórnarskrá landsins það hlutverk eins og hér á landi að skera úr um hvort lög brjóti í bága við stjórnlog. Fram kom hjá forseta Hæstaréttar Japans að nokkur dæmi væru um að rétturinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að lög brytu gegn stjórnarskrá og nefndi hann í því sambandi nýlegan dóm þar sem dæmt var að lög um trans fólk væru í ósamræmi við stjórnarskrána.

### Fundur í japanska þjóðþinginu

Miðvikudaginn 8. nóvember var farið í skoðunarferð í japanska þjóðþingið. Þar áttu Benedikt Bogason, Ólafur Þór Hauksson, formaður Lögfræðingafélagsins og héraðs-saksóknari, Sigríður Friðjónsdóttir ríkis-saksóknari og Stefán Haukur Jóhannsson, sendiherra Íslands í Japan, fund með Shinako Tsuchiya ráðherra enduruppbyggingarmála og þingmönnum Satoshi Hamada, Mitsuko Ishii og Ryuhei Kawada. Hjá gestgjöfunum kom fram mikill áhugi á að fræðast um jafnréttismál á Íslandi og spurðu þau gestina út í þann árangur sem hér hefur náðst í þeim málum á liðnum áratugum.



Benedikt Bogason ásamt Saburo Tokura forseta Hæstaréttar Japans.

## HEIMSÓKNIR FRÁ BANDARÍKJUNUM

Í maí kom stór hópur lögmanna og dómara til landsins frá Bandaríkjunum og hélt ráðstefnu á Hótel Geysi í Haukadal. Um var að ræða svokölluð ABOTA-samtök (American Board of Trial Advocates) en þau eru vel þekkt og virt og starfa í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Samtökin leggja áherslu á hlutverk og mikilvægi kviðdóms í réttarferi en mælt er fyrir um tilvist hans í sjöunda viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna.

Ráðstefnu samtakanna lauk með fundi sem haldinn var í dómsal Hæstaréttar laugardaginn 20. maí. Þar hélt Benedikt Bogason forseti réttarins erindi um íslenska stjórnskipun og réttarfar. Einnig vék hann að samskiptum bandarískra og íslenskra lögfræðinga á liðnum áratugum. Carrin F. Patman, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, flutti erindi um samskipti ríkjanna og helstu áskoranir sem þau standa frammi fyrir. Þá gerði Steven W. Quattlebaum forseti samtakanna grein fyrir

starfsemi þeirra og þakkaði fyrir móttökurnar. Við þetta tækifæri flutti Eliza Reid forsetafrú erindi um bók sem hún ritaði og kom nýlega út og heitir *Secrets of the Sprakkar*. Í bókinni fjallar Eliza um ýmis málefni sem lúta að lífi og störfum kvenna á Íslandi. Þar ræðir hún við konur frá ólíkum sviðum þjóðfélagsins sem hafa frá mörgu að segja og bregður upp litríkri mynd af nútímasamfélagi, kostum þess og göllum. Mikil ánægja var með erindi Elizu og fengu gestir bókina áritaða af henni.

Í september heimsótti Hæstarétt the Harvard Advanced Leadership Coalition Group ásamt Carrin F. Patman sendiherra. Dómararnir Benedikt Bogason og Björg Thorarensen, auk Ólafar Finnsdóttur skrifstofustjóra réttarins, kynntu starfsemi hans, gerðu grein fyrir íslenskum rétti og svöruðu fyrirspurnum.

Frá erindi Elizu Reid, forsetafrú Íslands.





---

## KYNNING Á STARFSEMI HÆSTARÉTTAR

---

Árlega heimsækja fjölmargir Hæstarétt og fá kynningu á starfsemi réttarins. Oft eru þetta nemendur á framhaldsskóla- eða háskólastigi en einnig ýmsir aðrir sem vilja fræðast um Hæstarétt og dómskerfið. Á móti þessum gestum hafa tekið dómara við réttinn, skrifstofustjóri og aðstoðarmenn dómara. Jafnframt koma árlega erlendir gestir í minni og stærri hópum. Þá eru þinghöld yfirleitt opin og gjarnan mæta áheyrendur til að fylgjast með málum sem vekja athygli. Að auki hafa laganemar mætt til að fylgjast með málflutningi ef flutt eru mál sem hafa þýðingu fyrir það efni sem þau eru að læra. Hér á eftir verður sagt frá nokkrum heimsóknum í Hæstarétt á árinu.

Í lok janúar komu starfsmenar við sendiráð Danmerkur og Svíþjóðar í heimsókn. Linda Ramdani aðstoðarmaður dómara, tók á móti þeim og kynnti starfsemi réttarins.

Hinn 14. febrúar tók Hæstiréttur á móti norrænum laganemum sem voru staddir hér á landi í tilefni af norrænni laganemaviku og árshátíð Orators, félags laganema við Háskóla Íslands. Benedikt Bogason forseti Hæstaréttar og Linda Ramdani tóku á móti þeim, kynntu starfsemi réttarins og svöruðu fyrirspurnum. Í febrúar fékk Hæstiréttur einnig heimsókn frá nemendum úr Fjölbautaskólanum við Ármúla ásamt kennurum þeirra. Benedikt og Linda tóku á móti gestunum. Í sama mánuði kom stór hópur af hollenskum laganemum frá Háskólanum í Groningen sem staddir var hér á landi í kynnisferð. Benedikt og Gunnar Atli Gunnarsson aðstoðarmaður dómara tóku á móti þeim.

Í mars fékk Hæstiréttur heimsókn frá laga-

nemum í Evrópurétti á meistarastigi við laga-deild Háskóla Íslands ásamt kennara þeirra Elviru Mendez Pinedo prófessor. Benedikt Bogason og Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómarar tóku á móti þeim. Í sama mánuði komu laganemar frá Ohio Northern University í Bandaríkjunum í heimsókn ásamt gestgjöfum þeirra í Háskóla Íslands. Samstarf hefur verið milli þessara skóla í 63 ár en Ármann Snævarr, prófessor og hæstaréttardómari, kom því á fót. Á móti gestunum tóku Ólafur Börkur Þorvaldsson hæstaréttardómari og Jenný Harðardóttir og Linda Ramdani aðstoðarmenn dómara. Í mars fékk Hæstiréttur einnig heimsókn frá laganemum í stjórnskipunar-rétti ásamt kennara þeirra Kára Hólmarí Ragnarssyni lektor. Á móti þeim tóku Benedikt Bogason og Björg Thorarensen hæstaréttardómarar og kynntu starfsemi réttarins. Þau fylgdust einnig með málflutningi í máli nr. 44/2022 þar sem reyndi á atvinnufrelsi og friðhelgi eignarréttar. Loks komu í mars laganemar frá Háskólanum í Reykjavík á vegum félags þeirra Lögrétta. Á móti þeim tóku Benedikt, Ingveldur Einarsdóttir varaforseti Hæstaréttar og Snædís Ósk Sigurjónsdóttir aðstoðarmaður dómara.

Í apríl fékk Hæstiréttur heimsókn frá starfsmennum sendiráða og sendinefndar Evrópusambandsins. Benedikt og Linda tóku á móti þeim. Í sama mánuði komu nemendur úr Fjölbautaskólanum í Garðabæ ásamt kennara sínum, Tinnu Ösp Arnardóttur. Benedikt og Linda tóku einnig á móti þeim.

Í maí fékk Hæstiréttur heimsókn frá fjórum dómurum við áfrýjunardómstól Riga í Lettlandi en meðal þeirra var Daiga Vilsone



Heimsókn Verzlunarskóla Íslands

forseti dómsins. Benedikt, Linda og Ólöf Finnsdóttir skrifstofustjóri Hæstaréttar tóku á móti gestunum og ræddu við þá um ýmis sameiginleg málefni, þar á meðal framþróun hjá dómstólum í rafrænni málsmeðferð. Einnig kom í maí fjölmennur hópur nemenda og kennara frá lagadeild Ohio Northern University í Bandaríkjunum en skólinn býður reglubundið upp á sumarnám fyrir bandaríska og íslenska laganema á Íslandi. Benedikt, Ólöf og Linda tóku á móti gestunum.

Í september komu nemendur frá Verzlunarskóla Íslands ásamt kennara sínum Birni Jóni Bragasyni. Á móti þeim tóku Benedikt, Ása, Ólöf og Jenný. Færði kennarinn réttinum bókina „Lögfræði fyrir viðskiptalífið“ sem hann hefur ritað og er kennslubók fyrir nemendur skólans. Í sama mánuði komu einnig nemendur í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Á móti þeim tóku Ása, Ólöf, Jenný og Guðmundur Snæbjörnsson, sem þá hafði nýlega hafið störf sem aðstoðarmaður dómara.

Í október komu nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ásamt kennara sínum,

Tinnu Ösp Arnardóttur, og tóku Benedikt og Linda á móti þeim. Í sama mánuði komu einnig nemendur í réttarfari við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Á móti þeim tóku Linda og Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari. Þau kynntu starfsemi réttarins og svöruðu spurningum. Sigurður hefur kennt hópnum en hann er stundakennari við skólann. Loks fékk Hæstiréttur í lok október heimsókn frá norrænu embættismannanefndinni um dómsmál (Nordisk Embedsmandskomiteé for justitsspørgsmål). Nefndin er skipuð embættismönnum sem hafa umsjón með löggjafarstarfi í dómsmálaráðuneytum landanna. Benedikt og Ólöf tóku á móti hópnum.

Í nóvember komu nemendur úr Kvennaskólanum í Reykjavík ásamt kennara sínum, Guðrúnu Erlu Sigurðardóttur lögfræðingi. Á móti þeim tóku Benedikt, Jenný og Guðmundur. Kynntu þau starfsemi réttarins og réttarkerfið og svöruðu spurningum.

---

## ENDURBÆTUR Á DÓMHÚSINU

---

Á árinu hefur Hæstiréttur í nánu og góðu samstarfi við Ríkiseignir staðið fyrir umfangsmiklum endurbótum á húsnæði réttarins. Allt tréverk hússins var þússað upp og olíuborið en markmiðið er að húsnæðið hafi áfram á sér það yfirbragð að vera sem nýtt þótt liðin séu rúm 27 ár frá því að það var tekið í notkun haustið 1996.











# TÖLFRÆÐI

# MÁL Í HÆSTARÉTTI

## Dæmd mál

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Áfrýjuð einkamál	0	28	27	27	28	25
Áfrýjuð sakamál	1	2	4	11	15	8
Kærð einkamál	12	17	7	14	14	17
Kærð sakamál	5	3	0	3	3	1
<b>Samtals mál</b>	<b>18</b>	<b>50</b>	<b>38</b>	<b>55</b>	<b>60</b>	<b>51</b>

## Innkomin mál

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Áfrýjuð einkamál	12	36	23	25	28	37
Áfrýjuð sakamál	5	3	8	10	14	6
Kærð einkamál	16	16	10	16	15	13
Kærð sakamál	5	3	0	5	2	1
<b>Samtals mál</b>	<b>38</b>	<b>58</b>	<b>41</b>	<b>56</b>	<b>59</b>	<b>57</b>

## Innkomin mál og lyktir þeirra

Öll mál	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	16	18	20	21	19
Innkomin mál á árinu	38	58	41	56	59	57
Mál til afgreiðslu	38	74	59	76	80	76
<b>Dómar</b>	<b>18</b>	<b>50</b>	<b>38</b>	<b>55</b>	<b>60</b>	<b>51</b>
Afturkallað/fellt niður	4	6	1	0	1	1
Samtals afgreidd mál	22	56	39	55	61	52
Óafgreidd mál í árslok	16	18	20	21	19	24



## Málsmeðferðartími í dögum

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Áfrýjuð einkamál	0	141	205	200	189	230
Áfrýjuð sakamál	31	0	173	164	207	199
Kærð einkamál	31	49	72	31	39	65
Kærð sakamál	45	11	0	12	53	15
<b>Meðaltal</b>	<b>35</b>	<b>98</b>	<b>177</b>	<b>137</b>	<b>175</b>	<b>166</b>

**Málsmeðferðartími einkamála** telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.

**Málsmeðferðartími sakamála** telst frá því að beiðni er samþykkt.

Það athugist að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.

## Málsúrslit


Málsúrslit	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Staðfest	11	30	20	22	19	20
Breytt að einhverju leyti	0	0	5	7	9	6
Breytt að verulegu leyti	0	2	2	2	4	3
Snúið við	1	5	5	8	8	9
Ómerking/frávísun	6	13	6	14	20	11
<b>Samtals dómar</b>	<b>18</b>	<b>50</b>	<b>38</b>	<b>53</b>	<b>60</b>	<b>*51</b>

\*Dæmt var um málskostnaði í tveimur málum.

## Málskotsbeiðnir – Áfrýjunar- eða kæruleyfi

Málskotsbeiðnir alls	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Beiðnir frá fyrra ári	0	8	13	21	23	28
<b>Nýjar beiðnir</b>	<b>69</b>	<b>166</b>	<b>138</b>	<b>156</b>	<b>172</b>	<b>160</b>
Beiðnir til afgreiðslu	69	174	151	177	195	188
<b>Afgreiddar beiðnir</b>	<b>61</b>	<b>161</b>	<b>130</b>	<b>154</b>	<b>167</b>	<b>155</b>
<b>Óafgreiddar beiðnir í árslok</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>21</b>	<b>23</b>	<b>28</b>	<b>33</b>

## Málskotsbeiðnir árið 2023 og lyktir þeirra



**43**  
dagar

**Málsmeðferðartími málskotsbeiðna** var að meðaltali 43 dagar frá því að umsókn um áfrýjunarleyfi / kæruleyfi barst réttinum og þar til ákvörðun lá fyrir.



Áfrýjunarleyfi -einkamál	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	8	13	17	22
<b>Nýjar beiðnir</b>	<b>33</b>	<b>99</b>	<b>85</b>	<b>85</b>	<b>125</b>	<b>115</b>
Beiðnir til afgreiðslu	33	103	93	98	142	137
Samþykktar	12	36	23	25	29	36
Hafnað	17	59	57	55	91	71
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1	0	1
<b>Samtals afgreiddar beiðnir</b>	<b>29</b>	<b>95</b>	<b>80</b>	<b>81</b>	<b>120</b>	<b>108</b>
<b>Óafgreiddar beiðnir í árslok</b>	<b>4</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>17</b>	<b>22</b>	<b>29</b>

Áfrýjunarleyfi -sakamál	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Beiðnir frá fyrra ári	0	0	1	3	3	2
<b>Nýjar beiðnir</b>	<b>14</b>	<b>34</b>	<b>27</b>	<b>44</b>	<b>25</b>	<b>23</b>
Beiðnir til afgreiðslu	14	34	28	47	28	25
Samþykktar	1	1	7	11	5	4
Hafnað	13	32	18	32	21	20
Afturkallaðar/Felldar niður	0	0	0	1	0	0
<b>Samtals afgreiddar beiðnir</b>	<b>14</b>	<b>33</b>	<b>25</b>	<b>44</b>	<b>26</b>	<b>24</b>
<b>Óafgreiddar beiðnir í árslok</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>1</b>

Kæruleyfi	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Beiðnir frá fyrra ári	0	4	4	5	3	4
<b>Nýjar beiðnir</b>	<b>22</b>	<b>33</b>	<b>26</b>	<b>27</b>	<b>22</b>	<b>22</b>
Beiðnir til afgreiðslu	22	37	30	32	25	26
Samþykktar	2	4	3	5	5	6
Hafnað	13	25	21	22	15	15
Afturkallaðar/Felldar niður	3	4	1	2	1	2
<b>Samtals afgreiddar beiðnir</b>	<b>18</b>	<b>33</b>	<b>25</b>	<b>29</b>	<b>21</b>	<b>23</b>
<b>Óafgreiddar beiðnir í árslok</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>3</b>

## FYRRVERANDI DÓMARAR VIÐ HÆSTARÉTT

<b>Nafn</b>	<b>Lét af störfum:</b>	<b>Nafn</b>	<b>Lét af störfum:</b>
Ármann Snævarr	01.11.1984	Helgi I. Jónsson	30.04.2020
Árni Kolbeinsson	28.02.2014	Hjördís Hákonardóttir	31.07.2010
Árni Tryggvarson	31.05.1964	Hjörtur Torfason	28.02.2001
Arnljótur Björnsson	31.08.2000	Hrafn Bragason	31.08.2007
Benedikt Blöndal	22.04.1991	Ingibjörg Benediksdóttir	28.02.2014
Benedikt Sigurjónsson	31.12.1981	Jón Ásbjörnsson	31.03.1960
Bjarni K. Bjarnason	31.12.1991	Jónatan Hallvarðsson	31.12.1969
Björn Sveinbjörnsson	10.10.1985	Jón Steinar Gunnlaugsson	30.09.2012
Eggert Briem	13.08.1935	Kristján Jónsson	02.07.1926
Einar Arnalds	29.02.1976	Lárus H. Bjarnason	31.03.1931
Einar Arnórsson	30.04.1945	Lárus Jóhannesson	10.03.1964
Eiríkur Tómasson	31.08.2017	Logi Einarsson	31.12.1982
Garðar Gíslason	30.09.2012	Magnús Thoroddsen	08.12.1989
Gizur Bergsteinsson	01.03.1972	Magnús Þ. Torfason	31.12.1987
Greta Baldursdóttir	31.08.2020	Markús Sigurbjörnsson	30.09.2019
Guðmundur Jónsson	31.08.1991	Páll Einarsson	13.08.1935
Guðmundur Skaftason	31.12.1989	Pétur Kristján Hafstein	30.09.2004
Guðrún Erlendsdóttir	15.04.2006	Páll Hreinsson	15.09.2017
Gunnar M. Guðmundsson	31.08.1994	Sigurgeir Jónsson	30.06.1986
Gunnar Thoroddsen	16.09.1970	Viðar Már Matthíasson	30.09.2019
Gunnlaugur Claessen	31.08.2013	Þorgeir Örlygsson	31.08.2020
Halldór Daníelsson	16.09.1923	Þórður Eyjólfsson	31.12.1965
Halldór Þorbjörnsson	31.08.1987	Þór Vilhjálmsson	30.06.1995
Haraldur Henrysson	31.08.2003		







HÆSTIRÉTTUR  
ÍSLANDS

2024